

SAMTALIÐ

Fréttabréf Afmælistóts SSR 2019

1. tölublað



SAMSTARF OG SAMEINING - SAMAN Í 50 ÁR

Afmælistót SSR 4.-7. júlí 2019 við Úlfljótsvatn

Það er staðreynd að sterkustu minningar skáta eru tengdar stórum skátamótum á sumrin. Við ætlum svo sannarlega að skapa skemmtilegar minningar til að taka með heim í bakpokanum.

Afmælistót SSR verður haldið á Úlfljótsvatni 4.-7. júlí í tilefni að 50 ára samruna kven- og drengjaskáta í Reykjavík. Mótið er fyrir skáta á aldrinum 10-25 ára. Boðið verður upp á fjölskyldubúðir fyrir eldri skáta og foreldra.

Mótið er haldið í tilefni að 50 ár eru síðan Kvenskátafélag Reykjavíkur og Skátafélag Reykjavíkur voru lögð niður og stofnuð fimm skátafélög í Reykjavík. Skátafélögin Garðbúar, Dalbúar Hamrabúar, Landnemar og Ægisbúar þann 29. mars 1969 og skátafélagið Skjöldungar svo í kjölfarið þann 5. október 1969.



STAÐUR OG STUND

Mótið fer fram í Útilífsmiðstöð skáta við Úlfljótsvatn, 4.-7. júlí 2019.



ÞÁTTTAKENDUR

Allir skátar, íslenskir og erlendir, á aldrinum 10-18 ára eru velkomnir. Einnig verða fjölskyldubúðir.



MÓTSGJALD

Mótsgjald er 29.500 krónur ef greitt er fyrir 10. maí, en hækkar eftir það.



SKRÁNING

Skráningu lýkur 10. júní 2019.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Áhersla á útivist og tjaldbúðarvinnu

Í dagskrá Afmælistótsins kennir ýmissa grasa. Æsispennandi stórleikur fyrsta kvöldið hristir skátana saman og næsta kvöld ver félagið tíma saman á þann hátt sem best hentar þeim sjálfum. Opin dagskrá alla morgna er vettvangur til að prófa alla þá möguleika sem Úlfjótswatn hefur upp á að bjóða, ásamt því að hella sér í alvöru tjaldbúðarvinnu með öllu því sem henni fylgir; súrtingar og trönur og tálgun og tjill!

Valdagskráin á föstudeginum er svo með metnaðarfullsta móti; aragrúi af alvöru ævintýrum - útivist eins og hún gerist best!

Á laugardeginum er svo hápunktur mótsins; afmælishátíð með karnivalsniði, hátíðarvarðeldur og svo dansleikur þar sem mamma dansar macarena, pabbi dillir sér við diskó og skátarnir sveifla klútnum við takt tónlistarinnar.



MERKILEGT MÓT!

Merki mótsins er hannað af Hauki Haraldssyni, en hann hefur einnig hannað merki vetrarskátamóta síðustu ára. Merkið hnýtir saman skátaliljuna og skátasmárann með fallegum rétum hnút, sem er táknrænt fyrir tilefnið; sameiningu kvenskátastarfs og drengjaskátastarfs í eitt fyrir fimmtíu árum. Allir þátttakendur fá ofið merki á mótinu.

| | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR | SUNNUDAGUR |
|-------------|----------------------|--------------------------------|---------------------------|------------------|
| | 4. júlí | 5. júlí | 6. júlí | 7. júlí |
| 08:00-10:00 | | Ræs Morgunmatur Fáni | | |
| 10:00-12:00 | | Opin dagskrá Tjaldbúðarvinna | | |
| 12:00-14:00 | | Hádegismatur | | |
| 14:00-17:00 | Mæting á mótsstað | Valdagskrá | Afmælishátíð | Slit Frágangur |
| 18:00-20:00 | Kvöldmatur | | | |
| 20:00-22:00 | Setning Stórleikur | Félagakvöld | Hátíðarvarðeldur Diskó | |



Hvert þó í hoppandi!

Á mótinu verður stærsti hoppukastalagarður sem sést hefur á landinu! Fyndu fjörið flæða þér um æðar og skoppaðu upp og niður!



Tvítugur mótsstjóri!

Agnes Lóa er mótsstjóri Afmælimóts og verður nýorðin tvítug þegar mótið er sett. Hún veit því nákvæmlega hvað skátar á þátttakendaaldri vilja, því hún er það sjálf!

5 ATRIÐI SEM GERA AFMÆLISMÓTIÐ EINSTAKT!



Ævintýraleig valdagskrá

Dróttskátar og rekkaskátar munu geta valið að fara út af svæðinu á föstudagskvöldinu í sannkallaða ævintýradagskrá, þar sem skátinn reynir á sig!



Engir eldhússkátar - öll með í fjörunu!

Í stað þess að hanga yfir pottunum geta foringjar og foreldrar notið dagskrárinnar í botn með skátunum sínum, því að boðið verður upp á sameiginlegan mat fyrir alla móts gesti.



Tranaðu þér fram!

Trönur skipa stóran sess á mótinu, svo hresstu upp á hnútakunnáttuna og verkfræðivitundina og vertu viðbúin(n) því að trana þér rækilega fram!